

---

## Námur á Lyngdalsheiði, Bláskógabyggð Ákvörðun um matsskyldu

---

### Inngangur

Þann 17. nóvember 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Bláskógabyggð um fyrirhugaða efnistöku úr tveimur námum á Lyngdalsheiði, Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Ráðgjafi framkvæmdaraðila er Efla Suðurland.

### Framlögð gögn

Tilkynning frá Bláskógabyggð dags. 7. september 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Bláskógabyggð með bréfi dags. 14. desember 2015
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 7. desember 2015
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. og 11. desember 2015

Umsögn frá Landgræðslu ríkisins barst ekki. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 11. desember 2015, 8. febrúar og 31. mars 2016.

### Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða efnistöku úr tveimur námum á Lyngdalsheiði, nánar tiltekið á Laugarvatnsvöllum. Annars vegar náma merkt nr. 4 á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 sunnan við Rana á Laugardalsvöllum í um 700 m fjarlægð frá slóðanum að Laugarvatnshelli og hins vegar náma merkt nr. 5 skv. aðalskipulaginu sem er í jökulruðningshrygg fyrir austan Laugarvatnshelli, rétt norðan við Gjábakkaveg. Fjallað var um námurnar í mati á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar á árunum 2005-2006. Gert var ráð fyrir að gengið yrði frá námusvæðunum að loknum framkvæmdum við veginn en þegar til kom reyndist ekki nauðsynlegt nema að litlu leyti að taka efni úr námunum vegna vegaf framkvæmdanna. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Bláskógabyggð hyggist nú gefa út framkvæmdarleyfi til að vinna efni úr námunum. Áætlað efnismagn sem tekið verði úr námunum sé það sama og gert hafi verið ráð fyrir í matsferlinu eða um 240.000 m<sup>3</sup> á 11 ha svæði í tilfelli námu 4 og um 20.000 m<sup>3</sup> á 3 ha svæði í tilfelli námu 5. Vegslóði liggja að námunum sem séu báðar opnar að hluta og hafi verið unnar niður á um 2 m dýpi og er gert ráð fyrir að við fyrirhugaða efnisvinnslu verði miðað við þessa dýpt.

Fram kemur að ekki sé unnt að áætla hversu lengi efnistaka úr námunum muni fara fram en framkvæmdaleyfi verði gefið út til einungis eins aðila í takmarkaðan tíma, t.d. til tveggja ára í senn.



## Umhverfisáhrif

### Sjónræn áhrif

Fram kemur að þeir hlutar námu 4 sem séu á flatlendi verði lítt eða ekki sýnilegir frá vegi en sá hluti sem verði í skriðu verði sýnilegur frá vegi að Laugarvatnshelli. Gerð verði krafa um að eftir því sem efni verði unnið úr námunni á flatanum, skuli bakkar jafnaðir og haugsetning efnis verði að jafnaði ofan í námunni sjálfri til að draga úr sjónrænum áhrifum. Náma 5 verði alltaf sýnileg frá veginum en til að sjónræn áhrif námunnar verði sem minnst verði að gera þá kröfu að náman verði áfram unnin frá vestri til austurs og að snyrtilega verði gengið um svæðið. Haugsetningu í námu 5 verði haldið í lágmarki og svæðið jafnað eftir því sem vinnsla færir austur.

Umhverfisstofnun bendir á í sinni umsögn að unnt sé að taka það magn efnis úr námu 5 sem ráðgert sé án þess að ummerki verði áberandi auk þess sem auðvelt ætti að vera að ganga vel frá námunni að efnistöku lokinni. Varðandi námu 4 telur Umhverfisstofnun að hægt sé að taka umtalsvert magn efnis án þess að verulega neikvæð áhrif fylgi efnistöku, svo fremi sem efnistakan verði bundin við sléttlendi þar sem efnistaka hefur farið fram til þessa. Umhverfisstofnun telur að ef efnistaka færi upp í grónar aurkeilur og fjallshlíðar geti hún haft umtalsvert umhverfisáhrif í för með sér vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðra áhrifa á fallett landslag.

Þann 22. mars 2016 sendi Skipulagsstofnun framkvæmdaraðila bréf þar sem stofnunin benti á að samkvæmt uppdráttum af námusvæði 4 (L) í matsskýrslu Vegagerðarinnar um Gjábakkaveg frá árinu 2005 sé aðeins gert ráð fyrir efnistöku úr áreyrum á flatlendi á Laugarvatnsvöllum á tveimur afmörkuðum svæðum en ekki úr skriðu í austurhlíð Hróttfjalls eins og framkvæmdaraðili tilkynnir um nú. Skipulagsstofnun lítur svo á að fyrirhuguð efnistaka í skriðunni sé því ekki hluti af þeirri efnistöku sem fjallað hafi verið um í mati á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar. Ekki sé hægt að taka afstöðu til matsskyldu fyrirhugaðrar efnistöku fyrr en ítarlegri gögn liggja fyrir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í ljósi ofangreinds hafi framkvæmdaraðili ákveðið að falla frá efnistöku úr skriðunum. Með svörunum barst teikning af endurskoðaðri afmörkun námusvæðis 4 þar sem eingöngu er gert ráð fyrir efnistöku á um 11 ha svæði á sléttlendi í samræmi við þau áform sem voru til umfjöllunar í matsferlinu árið 2005-2006.

## Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Efnistökusvæðin eru í samræmi við gildandi aðalskipulag.

## Niðurstaða

Um er að ræða efnistöku úr tveimur námum á Lyngdalsheiði, Bláskógabyggð alls um 260.000 m<sup>3</sup> á um 14 ha svæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í matsskýrslu Vegagerðarinnar um lagningu Gjábakkavegar árið 2005 og í úrskurði Skipulagsstofnunar frá því í maí 2006 var fjallað um þessar námur ásamt fleiri. Þær breytingar hafa orðið á tilhögun að nú er gert ráð fyrir að efni verði tekið úr námunum um ótiltekinn tíma en í matsferlinu árið 2005-2006 var gert ráð fyrir að gengið yrði frá efnistökusvæðunum og þeim lokað að framkvæmdum við veginn loknum. Í framlögðum gögnum Bláskógabyggðar var einnig gert ráð fyrir efnistöku á stærra svæði úr námu 4 en í fyrra matsferli og áætlað að efnistökusvæðið næði að



hluta yfir grónar skriður ofan sléttlendis. Í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar og ábendingar Skipulagsstofnunar hefur framkvæmdaraðili fallið frá efnistöku úr skriðunum og er stærð og staðsetning efnistökusvæðisins í samræmi við það sem gert var ráð fyrir í matsferlinu 2005-2006. Því liggur fyrir að fjallað hefur verið um áhrif fyrirhugaðrar efnistöku úr námunum m.t.t. áhrifa á gróður og jarðmyndanir. Hins vegar er ljóst að þar sem um er að ræða efnistöku í ótiltekinn tíma verða sjónræn áhrif efnistökkunnar neikvæðari en gert var ráð fyrir áður. Því skiptir máli að frágangstillöggun námusvæðanna verði með þeim hætti að eftir því sem efni verði unnið úr námunni verði bakkar hennar jafnaðir og haugsetning efnis fari að jafnaði fram ofan í námunni sjálfri eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að í framkvæmdaleyfi séu sett skilyrði um frágangstillöggun. Stofnunin leggur jafnframt áherslu á að geymsla olíuefna verði ekki á námusvæðinu umfram það sem er á vinnuvélum hverju sinni til að lágmarka hættu á að spilliefni berist í grunnvatn á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. maí 2016.

Reykjavík, 7. apríl 2016.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson